

Indverska.

»Og sumt fjell í grýtta jörð«.

Hjer er fólk úr ýmsum áttum, en lengst að kominn held jeg sje málaflutningsmaður frá Indlandi, litill maður, þunnvaxiun með blásvart hár og undarlega brúnn á hörund. Af ýmsum ástæðum hef jeg lítið við hann talað enn, og er þó maðurinn greindarlegur. Einu sinni spurði jeg hann, hvað vor væri, ekki á sanskrit, sem er dault mál, — eins og flestir Norðurlandabúar, hvað þá aðrir, halda að íslenska sje — heldur á indversku, sem jeg held að Englendingar kalli Hindostanee, og töluð er af talsvert fleiri mönnum en enska. Vor sagði maðurinn væri vassanda á indversku; mjer skildist það vera sama sem vaxanda. Börn segja stundum vassa fyrir vaxa. Fyrir skömmu hafði jeg í blaði lesið ferðabryf frá Indlandi eftir einn af helstu skáldsagnahöfundum Dana, Laurids Bruun. Var þar ýmislegt ekki illa skrifað, en þó auðfundið, hversu margt þessi rithöfundur hafði heyrt og sjeð, sem hann hafði of illa vit á, og óefað er það enn þá fleira, sem hann hefur hvorki heyrt nje sjeð, sem oss hefði langað til að fræðast um. Það, sem mjer þótti fróðlegast af því, sem Bruun getur um, er brunnur einn í hofi í borginni Benares, sem heitir gyan kup; það virðist á íslensku vera kúpugjá eða hausgjá (gjáin kúpu). Brunnur þessi er heilagur mjög, eins og brunnur, sem Snorri segir frá í Eddu sinni. Sjálfst borgar nafnið Benares er eftirtektar vert í þessu sambandi; það er víst borið fram Bī ner es, eða eitthvað í þá átt. Það gæti mint á svar, sem einhver þreyttur ferðalangur hefði fengið á leið til hinnar helgu borgar: Bý nær es, þú ert ekki langt frá borginni. Benares stendur við Ganges, sem er heilagasta

vatnið, sem hnigur af Himinfjöllum, eða sprettur upp í Himalaya. Tyrkneska nafnið á Konstantinopel kvað vera Stambúl, en það afbakað úr grísku orðunum eis ten polin, til borgarinnar, og gæti það ef til vill skýrt hvernig hitt nafnið er komið upp. Sanskrít er hið helga mál Indverja og hefur auðvitað haft mjög mikil áhrif á mál það, sem nú er talað af hátt í 200 miljónum manna þar í Austurheimi, ef Indverskan er þá ekki beinlínis afbökun úr því máli, sem sanskrít hefur verið búin til úr, því að sanskrít kvað vera bókmál fremur en flest önnur, og um það fjallað af málfræðingum, sem ef til vill stundum hafa misskilið og fært úr lagi hið lifandi orð, orðið, sem var í upphafi, liggur mjer við að segja.

Snorri Sturluson, sem kveðst ekki vilja setja á bækur vitnislausar sögur, segir að Æsir eða Asíumenn hafi haft tungu þá »norðr hingat í heim«, sem vjer nú nefnum íslensku; en Æsir hygg jeg hafi komið ofan úr Himinfjöllum (Himalaya). Þar eru enn þá höfðingjar, sem rekja ættir sínar þúsund ár aftur í tímann og raunar miklu lengra, og hirðskáld hafa þeir eins og norrænir höfðingjar til forna, og meta mikils. Gæti líklega verið fróðlegt að kynna þeim, sem fornlegust eru af þessum indversku kvæðum.

Skodsborg 9. mars 1912.

Helgi Pjeturss.



Mars 1912.